

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
22.07.2019	17:00	HT stofa 101	3
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Jóna Þórey Pétursdóttir	Guðjón Björn Guðbjartsson/Elísabet Brynjarsdóttir	22.07.19	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Ingveldur Anna Sigurðardóttir (IAS) (V)			
Róbert Ingi Ragnarsson (RIR) (R)			
Lilja Guðmundsdóttir (LG) (R)			
Margrét Ósk Gunnarsdóttir (MÓK) (V)			
Tinna Líf Jörgensdóttir (TLJ) (R)			
Viktor Örn Ásgeirsson (VÖÁ) (R)			
Úlfur Traustason (ÚT) (V)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Azra Crnac (AC) (V)			
Eyrún Baldursdóttir (EyB) (R)			
Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (FÞÞ) (R)			
Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (RKG) (V)			
Vigdís Ólafsdóttir (VÓ) (R)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Derek Terell Allen (DTA) (V)			
Eva Ragnarsdóttir Kamban (ERK) (R) fyrir Dag Fannar Magnússon (DFM) (R)			
Ragnhildur Þrastardóttir (RÞ) (R)			
Þórdís Dröfn Andrésdóttir (ÞDA) (R)			
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (ÞEÞ) (R)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Sigurður Vopni Vatnsdal (SVV) (R)			
Ingveldur Gröndal (IG) (V) fyrir Björnfríði S Björnsdóttur (BSB) (V)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Aðalbjörg Egilsdóttir (AE) (R)			
Ásmundur Jóhannsson (ÁJ) (R)			
Guðrún Karitas Blomsterberg (GKB) (V)			
Jessý Rún Jónsdóttir (JRJ) (R)			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (JPP)			
Marínó Örn Ólafsson, lánasjóðsfulltrúi Stúdentaráðs (MÖÓ)			

Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs (GBG)  
Elísabet Brynjarsdóttir, Aurorafulltrúi Stúdentaráðs (EIB)

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (AÓS) (R)

Hrannar Rafn Jónasson (HRJ) (R)

Kolbrún Lára Kjartansdóttir (KJK) (V)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Einar Halldórsson (EH) (V)

**Dagskrá fundarins:**  
**Fundardagskrá er birt með fyrirvara um breytingar**

**Fundur Stúdentaráðs 22. júlí 2019 kl 17:00 í HT-101**

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05
2. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:10
  - a. Nýtt starfsfólk Stúdentaráðs
  - b. Office 365
  - c. Verklagsreglur Stúdentaráðs, skrifstofu og stjórnar
  - d. Skjalavörslustefna Stúdentaráðs
3. Lánasjóðsfrumvarp í samráðsgátt (umræður) 17:10-
4. Hlé - 18:10-18:20
5. Lánasjóðsfrumvarp í samráðsgátt (atkvæðagreiðslur)
6. Myndataka Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) - 18:35
7. Lagabreytingar (atkvæðagreiðsla) - 18:40
8. Vísó í Stúdentaráð (atkvæðagreiðsla) 19:30-19:40
9. Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum (atkvæðagreiðsla) 19:40-19:50
10. Önnur mál 19:50-20:00

stúdentaráð háskóla Íslands Fundargerð

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Tillögur frá Margréti Ósk bárust fyrir fundinn. Engar tillögur bornar upp á fundinum.

Einróma samþykkt.

2. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:10

2.1. Nýtt starfsfólk Stúdentaráðs

JÞP kynnir Kristínu Nönnu sem og stöðuna á Akademíunni.

2.2. Office 365

JÞP kynnir að SHÍ innleiði Office 365 í allt starfs sitt innan skamms þegar lausnir frá Upplýsingatæknisviði verða í boði.

2.3. Verklagsreglur Stúdentaráðs, skrifstofu og stjórnar

JÞP greinir frá stöðu mála og segir mikilvægt að þetta sé aðgengilegt núna þar sem þetta er stórt skjal. Kosið verði um verklagsreglurnar á næsta fundi.

2.4. Skjalavörslustefna Stúdentaráðs

JÞP greinir frá að skrifstofan sé að vinna við að móta stefnu fyrir skjalavörslustefnu eftir tiltekt á skrifstofunni þar sem var að finna skjöl sem voru allt frá 1965.

- JÞP opnar á spurningar - engar spurningar úr sal.

3. Lánasjóðsfrumvarp í samráðsgátt (umræður) 17:10-

3.1. *JÞP lýsir ferlinu hingað til.*

- *Forseti og lánasjóðsfulltrúi lögðust strax yfir frumvarpið þegar það kom inn á samráðsgáttina. Beðni um uppl. til fjármálaráðuneytisins og menntam.ráðun. þar sem frumvarpið byggir að hluta til á gögnum sem eru ekki opinber. Ef gögnin berast verða sett inn auka fylgiskjöl með umsögninni.*
- *JÞP segir frá fjölmiðlaumfjöllun um SHÍ og frumvarpið sem og viðtali við LÍS.*
- *Atkvæðagreiðslu á fundi LÍS var frestað að beðni JÞP þar sem hún hafði ekki umsögn frá SHÍ til að ganga út frá.*
- *Fulltrúi Vöku kom á skrifstofu SHÍ og fékk útskýringu á öllum þeim atriðum sem höfðu verið útskýrð fyrir stjórn, þar sem hún var fjarverandi þann fund.*
- *SHÍ barst nokkrar spurningar um innihald frumvarpsins sem er gott.*

*Opnað fyrir spurningar um ferlið*

- *MÓG spyr um hvort JÞP hafi fengið svör frá ráðuneytinunum. JÞP segir að*

*það hafi bara borist að fyrirspurnin sé móttækin.*

- 3.2. **Vextir** - JPP fer yfir gagnrýni SHÍ á hærri vöxtum og tillögur SHÍ á úrbótum fari svo að teki verði tillit til umsagnarinnar. Vextir hækka mjög ófyrirsjáanlega skv. JPP. Ekkert vaxtahámark - einungis nefnd sem ákvaðrar það. Það kemur ekki í stað fyrir vaxtahámark. Ef vextir hækka mikið þá bitnar það á þeim sem hafa þyngsta framfærslu, þ.e. þeim sem þurfa mest á þeim að halda. Ef hækka á hámarkvextina þá er það pólitísk ákvörðun - hversu mikið á að styðja við námsmenn.
- JPP opnar á umræður um fyrstu tvo liðina. Engar athugasemdir bárust fyrir fundinn.
    - ÁJ spyr um 3% vaxtahækkunina og spyr hvort það hafi verið þannig í gamla kerfinu eða hver séu rökkin fyrir þessu
    - RP spyr um orðalag. JPP leiðréttir það.
    - AE spyr hvort það sé verið að segja að það sé í lagi að það megi hækka vexti. JPP svarar að það þurfi að skoða heildarsamhengið til að vita hvernig þetta kemur út fyrir stúdenta en það sé sérstaklega mikilvægt að hafa vaxtahámark.

17:25 Úlfur Traustason kemur á fundinn.

- 3.3. **Tekjutenging** - JPP lýsir hvernig þau sem eru eldri en 35 ára fá ekki tekjutengdar afborganir sem minnkar vægi þess að sjóðurinn sé notaður sem félagslegt jöfnunartæki
- JPP opnar fyrir umræður
    - MÓG spyr út í prósentuna sem þessir hópar sem fá ekki tekjutengingu þurfa að borga. JPP skýrir að það komi fram í fylgiskjalinu dæmi um hvernig tekjutengingin hafi áhrif vs. hvernig þetta komi út án tekjutengingar
  - **Framfærslulán** (breytingartillaga frá MÓG barst fyrir fundinn) - JPP útskýrir breytingartillögunu, afhverju setning var færð frammar í kaflann.
  - JPP opnar fyrir umræður. Lokað fyrir umræður. JPP minnir á að kosið verður um breytingartillögur eftir hlé.
- 3.4. **Mánaðarlegar greiðslur** - breytingartillaga barst frá MÓG. MÓG útskýrir tillögunu, sem er viðauki við það sem kemur fram í umsögninni. Heimild fyrir stúdent til að velja á milli mánaðarlega greiðslna eða greiðslu líkt og fyrirkomulagið er í dag.
- Umræður:
    - EyB spyr MÓG hvort að það eigi að vera heimild fyrir þessu. MÓG segir að lán taki eigi ávalt að hafa kost á því að fá mánaðarlegar greiðslur.
    - JPP setur breytingartillögu inn
    - LG spyr hvort skrifstofan hafi rætt þessa útfærslu. JPP svarar að hún hafi skilið þetta eins og stjórn hefði vald til að ákveða þetta. Sammála þessu en

ákvað að setja þetta fram til Stúdentaráðs með þessum hætti.

- 3.5. **Undanþágur um námsframvindu og niðurfellinga lána við námslok** - JPP útskýrir hvernig þetta er í lögunum. Athugasemd SHÍ eru að skilyrðin fyrir undantekningar séu háð árlegri útfærslu sem er mikil óvissa fyrir stúdenta. Útfærslan bjóði upp á mikið flækjustig - tryggja þurfi festu fyrir stúdenta.
- 3.6. **Foreldrar** - JPP fer yfir drög að umsögn.
- MÓG sendi inn athugasemd: útskýrir - fékk athugasemd frá konu sem hún þekkir, á barn og er í námi. Í ljósi skyldu foreldra leikskólabarna um frí þá á að kanna það.
  - MÖÓ bætir við um bakgrunnspælingu með hámarkið - með því að setja hámark þá ertu búinn að setja hámarkviðmið, en sjóðurinn getur tekið af þeim ef hann þarf að skera niður
  - AC - það er verið að setja skilyrði á námsframvindu foreldra, spyr hvaða skilyrði það eru. MÖÓ og JPP svara að námsframvindikraftan gangi jafnt yfir alla. AC finnst ljótt að börn þurfi að gjalda þess að forldrar sinna ekki námi.
  - RKG - spyr um námshlé foreldra. JPP og MÖÓ svara um hvaða undanþágur myndu gilda skv. lögunum.
- 3.7. **Nafn og hlutverk sjóðsins** - JPP segir að það sé ekki verið að breyta hlutverki sjóðsins, enn verði einhverjir sem endi nám með 100% lán, en þetta á að heita stuðningssjóður, þeir sem hljóta stuðning eru svo á 75% lánnum.
- Umræður - engar breytingartillögur bárust fyrir fundinn
    - AC - er verði að láta þetta hljóma betur með nýju nafni? JPP svarar, já PR stunt, there I said it.
- 3.8. **Skipan stjórnar SÍN (LÍN)** - JPP fer yfir hvað hún og EIB hafa gert.
- Umræður
    - AC segir að LÍS hafi farið í viðtal, og spyr hvort LÍS hafi þá verið að tala fyrir hönd SHÍ. JPP svarar, já LÍS talar fyrir okkur en sagði ekkert efnislegt um frumvarpið og að JPP hafi óskað eftir því að það yrðu ekki gerðar efnislegar athugasemdir þar sem afstaða aðildarfélaga lægi ekki fyrir.
    - MÓG segir að það hafi verið ákveðnar efasemdir um frekju sem SHÍ væri með, spyr hvort LÍS eða félög þar innan myndu styðja það að SHÍ fengi sæti sem LÍS ætti að fá í núvernadi frumvarpi.
    - IAS spyr hvort SHÍ sé ekki eina félagið með starfandi lánasjóðsfulltrúa, JPP segir já
    - VÓ spyr hvort það sé ekki hægt að setja inn í lög LÍS að ríkisháskólar ættu að hafa fulltrúa, JPP svarar að það sé útfærsla sem yrði eftir innan LÍS og að

*greinargerð frumvarpsins tilgreinir að ríkisháskólar eigi að eiga eitt sætanna í stjórn sjóðsins.*

- 3.9. **Orðalag og greinargerðar** - JPP segir að það virðist vera að það sé verið að minnka styrki sem sjóðurinn veitir en það er sagt að það sé verið að auka styrk til námsmanna, skoða þarf hlutfall stuðningsins en kostnaðarmatið liggur ekki fyrir.
- 3.10. **Nánar um orðalag** - Dómar í greinargerð eiga ekki nægilega vel við. Athugasemd um sterk tengsl námsmanna við Ísland, það orðalag sé opið og huglægt fyrir stjórn til að ákveða.

Kolfinna Tómasdóttir kemur inn á fundinn 18:02

- Opnað fyrir umræður
  - LG leggur til breytingartilögu um að setja skipan stjórnar fari fyrir utan nafnabreytinguna svo að allar nafna- og orðalagsbreytingar séu saman.
  - IAS spyr í ljósi 65 ára reglunnar hvort brotið sé gegn jafnræði.
  - JPP segir að þau hafi sagt að kostnaðarmatið hafi ekki boðið upp á þetta. Þetta verði skoðað betur þegar kostnaðarmatið kemur. MÖÓ segir að þetta sé til þess fallið að fá þau til að segja hvað raunverulega býr að baki.
  - AE bendir á 65 árin og fordæmi fyrir því sem er á hinum norðurlöndnum. Vill að það sé bent á að stuðningur sé meiri þar en við stúdenta á ÍSL. JPP segir að þetta verði skoðað þegar kostnaðarmatið komi.
  - AC er að spá afhverju 65 ára. Afhverju ekki 67 eða eitthvað annað? JPP segir að það sé óljóst afhverju þessi aldur sé tekinn fram.
  - ÚT spyr hvort það sé raunverulegur áhugi fólks á þessum aldri að taka lán eða hvort við séum að rökræða út af engu. JPP segir að það séu lánþegar sem eru eldri en 65 ára hjá LÍN í dag.

4. Hlé - 18:10-18:20

5. Lánasjóðsfrumvarp í samráðsgátt (atkvæðagreiðslur)

Kosning um breytingartillögur (atkvæðagreiðsla)

5.1. **Heiti breytingartillögu: Ítrekun andstöðu gegn vaxtahækkunum**

**Dagskráratríði númer: Þrjú**

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Ragnhildur Þrastardóttir

Stuðningsaðili að breytingartillögu: Aðalbjörg Egilsdóttir

**Breyting: Viðbót**

Undir liðnum “Vextir” í “Drög að umsögn” myndum við vilja sjá ítrekun á þeirri kröfu SHÍ að vextir skuli ekki hækka. Við leggjum því til eftirfarandi viðbót í lok liðsins:

„Þrátt fyrir það ítrekar Stúdentaráð andstöðu sína gegn hækkun vaxta þar sem hún mun koma illa við námsmenn.”

**Rökstuðningur:**

Krafa SHÍ um að vextir skuli ekki hækka þarf að vera alveg skýr svo við gefum ekkert undan.

Umræður um breytingartillöguna - engar umræður.

**Atkvæðagreiðsla - einróma samþykkt.**

5.2. **Heiti breytingartillögu: Undanþágur um námsframvindu og niðurfelling lána við námslok**

**Dagskráratríði númer: 3**

Aðili sem leggur fram breytingartillögu: Þórhildur Elísabet Þórsdóttir

<b>Upprunalegur texti:</b>	<b>Breytingartillaga</b> (viðbót, fjarlægja eða kemur í staðinn)
<p>Stúdentaráð gerir athugasemdir við að undanþágur um hvort stúdent hljóti niðurfellingu láns við námslok verði að hluta til háð ákvörðun sjóðsstjórnar í úthlutunarreglum ár hvert.</p> <p>15. gr. frumvarpsins skilgreinir fyrirkomulag námsstyrks vegna námsloka og viðeigandi undanþágur. Undanþágur skv. 4. mgr. 15. gr. vísa til undanþága sem fram koma í 2. mgr. 14. gr. um námsframvindu, s.s. alvarleg veikindi eða barneignir. Nánar tiltekið skilgreinir 2. mgr. 14. gr. þau atriði sem hafa <i>ekki</i> áhrif á hvort lánþegi standist <i>námsframvindu</i> og eru ákveðin í úthlutunarreglum sjóðsins ár hvert. Þannig eru skilyrði til þess að hljóta niðurfellingu á láni við námslok háð skilyrðum um námsframvindu og undanþágum vegna þess sem geta breyst ár frá ári.</p> <p>Þetta veldur því að forsendur stúdents við upphaf náms um skilyrði og undanþágur til að hljóta 30% niðurfellingu á höfuðstóli lánsins við námslok eru ekki skýrar og gætu jafnvel breyst á námstímanum. Stúdentaráð telur það óráðlegt og að sú útfærsla bjóði upp á mikið flækjustig við ákvörðun niðurfellingu námslána við námslok. Kveða þarf skýrar á um undanþágur vegna niðurfellingar höfuðstóls námslána í lögnum.</p>	<p>Viðbót neðst:</p> <p>Stúdentaráð telur mikilvægt að ef undanþágur um námsframvindu og niðurfelling lána séu breytilegar á námsferli lánþega, að úrskurðurinn miði við þær undanþágur sem voru lánþeganum hagstæðastar.</p>

Umræður um breytingartillöguna - engar umræður.  
**Atkvæðagreiðsla - einróma samþykkt.**

Elísabet Brynjarsdóttir og Derek Terell Allen mæta á fundinn 18:28

**Kosning um hvern kafla í umsögn Stúdentaráðs um frumvarp**

- 5.3. Tekjutenging - (atkvæðagreiðsla)
  - Einróma samþykkt
- 5.4. Framfærslulán (atkvæðagreiðsla)
  - breytingartillaga - (atkvæðagreiðsla)
    - Einróma samþykkt
    - Einróma samþykkt
- 5.5. Mánaðarlegar greiðslur - (atkvæðagreiðsla)
  - breytingartillaga - (atkvæðagreiðsla)
    - EyB situr hjá
    - Samþykkt
- 5.6. Undanþágur um námsframvindu og niðurfellingu lána við námslok - (umræður og atkvæðagreiðsla)
  - Breytingartillaga - umræður
    - engar umræður
  - Breytingartillaga - (atkvæðagreiðsla)
    - LG situr hjá
    - Samþykkt
  - Einróma samþykkt
- 5.7. Foreldrar - (atkvæðagreiðsla)
  - Einróma samþykkt
- 5.8. Nafnabreyting og hlutverk sjóðsins - (atkvæðagreiðsla)
  - Einróma samþykkt
- 5.9. Skipan stjórnar SÍN - (atkvæðagreiðsla)
  - breytingartillaga (kaflinn verður einum framar) - (atkvæðagreiðsla)
    - 15 samþykkt
    - Sitja hjá: RIR, RP, SVV, JRJ og VÓ
    - Á móti: ÁJ
    - Samþykkt
  - Einróma samþykkt
- 5.10. Orðalag frumvarps og greinagerðar - (atkvæðagreiðsla)
  - Einróma samþykkt
- 5.11. Aldurstakmörkun á aðgengi - (atkvæðagreiðsla)



- Einróma samþykkt
- 5.12. Sterk tengsl - (atkvæðagreiðsla)
  - Einróma samþykkt
- 5.13. Fyrirvarinn - (atkvæðagreiðsla)
  - SVV situr hjá
  - Samþykkt
- 5.14. UMSÖGN Í HEILD með breytingum - (atkvæðagreiðsla)
  - Einróma samþykkt
- 5.15. Rafræn atkvæðagreiðsla - (umræður og atkvæðagreiðsla)
  - MÓG spyr hvesu margar klukkustundir Stúdentaráðsliðar hefðu til að kjósa í rafrænni atkvæðagreiðslu. JPP svarar að þau muni hafa u.þ.b. 15 tíma.
  - Einróma samþykkt
  - Sérstök atkvæðagreiðsla að beðni MÖÓ um að fylgiskjalið sem SHÍ hafði með umsögninni fái að fylgja með inn á samráðsgáttina.
    - Einróma samþykkt

Elísabet Brynjarsdóttir tekur við sem fundarritari af Guðjóni Birni Guðbjartssyni

- 6. Myndataka Stúdentaráðs (atkvæðagreiðsla) - 18:35
  - 6.1. Tillaga lögð fram
  - 6.2.

*Flutningsaðili: Skrifstofa SHÍ 2019-2020*

**- T I L L A G A -**

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs finni tíma til myndatöku fyrir Stúdentaráðsliða með rafrænni könnun á Facebook hópi - eða eftir atvikum 365 kerfinu.

**Skýring:**

Í samræmi við umræður um sýnileika Stúdentaráðs í stefnumótunarferðinni þar sem tekið var mjög vel í að Stúdentaráðsliðar myndu fara í myndatöku og skipta öll um prófile á sama tíma í haust og titla sig sem “Stúdentaráðsliði og meðlimiur sviðsráðs FVS” eða “varafulltrúi í Stúdentaráði og sviðsráði FVS” á íslensku og ensku. Hópm myndir sviðsráða yrðu einnig teknar. Einnig yrði haft samráð um instagram

post-a.

- 6.3. JPP gerir grein fyrir tillögunni. Í kjölfar stefnumótunarferðar var ákveðið að leggja fram tillögu þess efni að Stúdentaráðsliðar myndu fara í myndatöku til þess að auka sýnileika Stúdentaráðs.
- 6.4. Opnað fyrir mælendaskrá
  - 6.4.1. AC leggur til að þessar myndir verði birtar á student.is og vakin athygli á síðunni.
  - 6.4.2. AE vekur athygli á að hún hafi ekki aðgang að 365.
    - 6.4.2.1. JPP svarar að hún geti aðstoðað við það.
  - 6.4.3. MÓG spyr hvenær nákvæm tímasetning verður á profilemyndaskiptum og hver heldur utan um myndatökuna.
    - 6.4.3.1. JPP svarar að þetta verður til að byrja árið og að HLM muni sjá um að taka ljósmyndirnar.
  - 6.4.4. IAS leggur til að myndirnar verði hlutlausar og miði að Stúdentaráði en ekki fylkingum og að myndirnar verði settar á fleiri samfélagsmiðla.
  - 6.4.5. DTA vill leggja áherslu á að kynningartextinn verði líka á ensku
    - 6.4.5.1. Tillögu hans bætt við upprunalegu tillöguna
- 6.5. Mælendaskrá lokar kl. 18:38
- 6.6. Tillagan lögð til atkvæðagreiðslu (atkvæðagreiðsla)
  - 6.6.1. einróma samþykkt

Aðalbjörg vísar af fundi kl. 18:40

## 7. Lagabreytingar (atkvæðagreiðsla) - 18:40

- 7.1. JPP byrjar dagskráliðinn á stuttum inngangi og forsögu. Heildarendurskoðun laga SHÍ var lögð fram á síðasta starfsári og þær voru samþykktar með þeim fyrirvara að þau tækju gildi í upphafi árs 2020. Hins vegar hefur núverandi skrifstofa Stúdentaráðs lagt til að nokkrar greinar úr heildarendurskoðun taki fyrir gildi og leggja einnig til nokkrar nýjar breytingatillögur.
  - 7.1.1. Fyrsta lagabreyting lögð fram: Lagabreyting vegna framkvæmd bókana
    - 7.1.1.1. Mælendaskrá opnuð 18:43
    - 7.1.1.2. MÓG tekur til máls og vekur athygli á að viðbætur í skjalinu hafi ekki borist
    - 7.1.1.3. JPP leggur til að dagskráliðnum sé frestað fram á næsta

## Stúdentaráðsfund

### 7.1.1.3.1. Lagt til atkvæðagreiðslu - einróma samþykkt

#### 8. Vísó í Stúdentaráð (atkvæðagreiðsla) 19:30-19:40

- 8.1. JPP byrjar dagskráliðin á að leggja fram tillögu. Tillagan er lögð fram af forseta SHÍ og forseta félagslífs- og menningarnefndar SHÍ í kjölfar umræðna í stefnumótunarferð að SHÍ haldi vísindaferð í þeim tilgangi að auka sýnileika ráðsins.

*Flutningsaðili:*

*Jóna Þórey Pétursdóttir forseti SHÍ  
Jessý Jónsdóttir forseti Félagslífs- og menningarnefndar SHÍ*

#### **- T I L L A G A -**

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands haldi vísindaferð í þeim tilgangi að auka sýnileika ráðsins og kynna störf þess fyrir stúdentum HÍ. Skrifstofa Stúdentaráðs í samstarfi við Félagslífs- og menningarnefnd skal halda utan um skipulag, mætingu og auglýsingu á viðburðinn.

Um leið er lagt til að skrifstofu Stúdentaráðs verði veitt heimild til kaupa á áfengi, léttum veitingum og öðru tilheyrandi með hefðbundnum vísindaferðum sem stúdentar eru vanir. Fjárhagsáætlun fyrir vísindaferð yrði lögð fyrir stjórn til samþykkis áður en útgjöld yrðu staðfest.

#### **Skýring:**

Ofangreind tillaga er til þess að fá samþykki Stúdentaráðs á kaupum á áfengi, léttum veitingum og öðru slíku í þeim tilgangi að auka sýnileika fyrir ráðið. Fyrirtæki og stofnanir nýta sér vísindaferðir óspart til að koma sér á framfæri og er um frábært tækifæri að ræða fyrir Stúdentaráð til að gera slíkt hið sama.

Einingar innan Háskóli Íslands, Raunvísindastofnun HÍ o.fl. hafa boðið uppá áfengar veitingar í vísindaferðum og sambærilegum viðburðum sem eru haldin innan HÍ og eru því fordæmi fyrir viðburðum sem þessum.

Tillagan er hluti af kynningarátaki sem skrifstofan er að ráðast í til að auka sýnileika SHÍ og að lokum kosningaþátttöku stúdenta. Hún var rædd í þaula í stefnumótunarferð Stúdentaráðs þar sem mikil ánægja var með hugmyndina og mun vinna skrifstofunnar og Félagslífs- og menningarnefndar taka mið af þeim umræðum sem áttu sér stað þar.

Þar sem ætlunin er að stuðla að því að sem flestir hafi kost á að sækja viðburðinn hefur dagsetningin 13. september verið valin. Þá eru nemendur á Menntavísindasviði í staðlotum og ættu vonandi að vera fleiri á höfuðborgarsvæðinu en ella. Fjöldi þeirra sem sækja viðburðinn mun fara eftir samtali við FS vegna afnota af Stúdentakjallaranum og samtölum við rekstrarsvið skólans vegna annarra atriða, t.d. afnota af Litla torgi. Hugmyndir um pubquiz, happdrætti o.fl. eru til umræðu milli skrifstofu og Félagslífs- og menningarnefndar og munu slík atriði vera undir þeim aðilum komin sem skipuleggja viðburðinn.

8.2. Mælendaskrá opin kl. 18:46

8.2.1. IAS ítrekar að svona viðburðir eigi ekki að snúast upp í nýliðun hjá fylkingum

8.2.1.1. JPP svarar að SHÍ liðar hafi ekki forgang á viðburðinn heldur muni Félagslífs- og menningarnefnd halda utan um þetta fyrir stúdenta ásamt skrifstofu

8.2.2. RP spyr hvort nákvæmar tölur um léttar veitingar og áfengi verði borið undir stjórn

8.2.2.1. JPP svarar að haft verði samráð við Stúdentakjallara og fleiri og haft að leiðarljósi að halda kostnaði í lágmarki

8.2.3. AC ítrekar að þiggja góða styrki

8.3. Mælendaskrá lokar 18:49

8.4. Tillaga lögð til atkvæðagreiðslu - einróma samþykkt

9. Ungmennafulltrúi Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum (atkvæðagreiðsla) 19:40-19:50

9.1. JPP tekur til máls og útskýrir tillögu sem er lögð fyrir Stúdentaráð. LUF auglýsir eftir ungmennafulltrúa Íslands frá aðildafélögum LUF og SHÍ getur tilnefnt einn aðila. Þetta er nýtt hlutverk og margir innan Stúdentaráðs lýst yfir áhuga. Þar af leiðandi ákveðið að tryggja sem hlutlausasta val og því lagt til að skipa þriggja manna nefnd, með fulltrúum beggja fylkinga og skrifstofu Stúdentaráðs, sem mun taka fyrir umsóknir og leggja tillögu fyrir stjórn Stúdentaráðs sem ákvarðar endanlega valið. Tillagan var lögð undir oddvita beggja fylkinga fyrir fund til samráðs.

9.2. Mælendaskrá opin 18:52

9.2.1. IAS spyr hvort samráð verði við oddvita við val í nefnd

9.2.1.1. JPP svarar játandi

9.2.2. MÓG spyr varðandi tímasetningu og hvenær tilnefningin þarf að liggja fyrir.

9.2.2.1. JPP svarar að LUF tilnefningin þarf að liggja fyrir 14. ágúst og því

þarf tilnefning SHÍ að liggja fyrir í júlí.

- 9.2.3. LG spyr hvort að þetta yrði rafræn umsókn til að sækja um stöðuna
  - 9.2.3.1. JPP svarar játandi og ítrekar viðmiðin sem einstaklingurinn þarf að uppfylla til þess að SHÍ fái fulltrúann hjá LUF
- 9.2.4. Tillagan lögð til atkvæðagreiðslu - einróma samþykkt

## 10. Önnur mál 19:50-20:00

- 10.1. RIR tekur til máls og leggur fram bókun vegna vinnslu skrifstofu SHÍ á umsögn við SÍN frumvarpinu  
*„Undirrituð vilja hrósa skrifstofu Stúdentaráðs og þá sérstaklega forseta, Jónu Þóreyju Pétursdóttur og lánasjóðsfulltrúa Marinó Erni Ólafssyni fyrir markviss og metnaðarfull störf. Lánasjóðsmál og fjárhagslegt öryggi stúdenta eru og munu alltaf vera stærsta hagsmunamál stúdenta og er því mikilvægt að hafa hraðar hendur og að vandað sé til verka við allt efni sem Stúdentaráð gefur frá sér er varða málið. Vinnubrögð skrifstofunnar hafa verið algjörlega til fyrirmyndar. Samráð og samskipti við Stúdentaráðsliða og aðra stúdenta hefur farið vonum framár. Vinnan sem hefur verið lögð í umsögnina er gríðarleg og alls ekki sjálfsagt að jafn ígrunduð gögn fylgi með”.*

Undirrituð:

RIR, LG, ÁJ, TLJ, EyB, VÓ, SVV, FPP, RP, VÖÁ, JRJ, AE

- 10.1.1. Mælendaskrá opin 18:56
- 10.1.2. MÓG tekur til máls og tekur undir bókunina og þakkar skrifstofu Stúdentaráðs fyrir vinnuna

Fundi slitið kl. 18:57